

Nd. 4. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [4. mál]
um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Gunnlaugur Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson, Finnur Torfi Stefánsson,
Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason,
Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:
Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem verða 18 ára á því ári sem kosning fer fram, eða eldri, hafa íslenskan ríkisborgarétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 5. apríl 1968.

Greinargerð.

Árið 1965 var í fyrsta sinn flutt frumvarp á Alþingi um 18 ára kosningaaldur, en flutningsmenn þess voru þingmenn Alþýðuflokksins. Frumvarpið fékk misjafnar móttökur og verður ekki sagt að hrifning hafi verið almenn meðal þingmanna.

En nú er 18 ára kosningaaldur að breiðast út í landinu. Í prófkjörum stjórn-málaflökkanna hefur yfirleitt verið fylgt 18 ára kosningaaldri og í atkvæðagreiðslu um kaupstaðarréttindi fyrir Selfoss var fylgt 18 ára kosningaaldri. Virðist þetta mál á góðum vegi, þjóðin er að tileinka sér það eins og flestar Evrópuþjóðir hafa gert. 18 ára kosningarréttur er nú í eftirtöldum Evrópuríkjum: Svíþjóð, Finnlandi, Stóra-Bretlandi, Írlandi, Portúgal, Frakklandi, Holandi, Austur-Pýskalandi, Vestur-Pýskalandi, Ítalíu, Júgóslavíu, Albaníu, Búlgaríu, Rúmeníu, Ungverjalandi, Tékkó-slóvakíu, Póllandi, Sovétríkjunum, Danmörku, Luxemburg. Það er tími til kominn, að Alþingi sýni íslensku æskufólki aukið traust og lögfesti þessi mannréttindi hér á landi.

Kosningarréttur tilheyrir grundvallarmannréttindum sem alþýðan hefur rétt nýlega fengið. Þegar Alþingi var endurreist árið 1845 höfðu aðeins karlmenn, sem áttu jarðir, kosningarrétt. Allt fram yfir aldamót urðu karlmenn að greiða lágmarksútsvar til að fá kosningarrétt, og konur fengu hann ekki fyrr en árið 1915. Ísland var raunar með fyrstu ríkjum til að veita konum kosningarrétt, en þær fengu hann fyrst 40 ára og skyldi aldursmarkið lækka í áföngum niður í 25 ár. Þá var í áratugi í gildi ákvæði þess efnis, að menn misstu kosningarrétt ef þeir stóðu í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Í þá tíð var fátæktin þjóðarböl og þótti rétt að refsá hinum fátæku á þennan hátt.

Barátta fyrir lækkan kosningaaldursins úr 25 árum í 21 ár hófst ekki fyrr en Alþýðuflokkurinn var stofnaður árið 1916. Árin upp úr 1920 bar Jón Baldvinsson málið upp á Alþingi og flutti það ár eftir ár.

Afangasigur náðist árið 1934, þegar Alþýðuflokkurinn knúði málið fram með stjórnarskrárbreytingu. Kosningarrétturinn var færður úr 25 árum í 21 ár og skilyrðin um sveitarstyrk voru afnumin.

Árið 1965 flytja þingmenn Alþýðuflokksins frumvarp á Alþingi um átján ára kosningarrétt. Þá var í framhaldi af þeim frumvarpsflutningi sett nefnd í málið, en þar náðist samkomulag um lækkan kosningaaldursins úr 21 ári í 20 ár. Var sú breyting á stjórnarskránni gerð og tók hún gildi árið 1968. Sveitarstjórnarlögum var þá breytt til samræmis hvað kosningarrétt snerti. Ástæða er til að ætla, að slíkt verði einnig gert nú, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Þingmenn Alþýðuflokksins tóku málið upp aftur árið 1974 og komu fram með tillögum á Alþingi um 18 ára kosningaaldur á nýjan leik. Málið hefur verið svæft í nefnd ár eftir ár, en nú er ástæða til að ætla að breyting kynni að geta orðið á þannig að málið nái fram að ganga. Í ársbyrjun 1978 flutti þingmaður Alþýðubandalagsins í fyrsta sinn tillögu um 18 ára kosningaaldur. Þá hafa þing Sambands ungra sjálfstæðismanna og þing Sambands ungra framsóknarmanna nýlega tekið undir kröfuna um 18 ára kosningaaldur. Þetta sýnir að nú er ef til vill að vakna skilningur á nauðsyn þess að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár.

Ekki er síður ástæða til að sýna íslensku æskufólki það traust að lækka kosningaaldurinn í 18 ár en erlendu æskufólki. Íslenskt æskufólk er yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast á meðal erlendra þjóða. Með tilliti til reynslu margra nágrannþjóða verður að álíta að skynsamlegt sé að stíga hiklaust sporið til 18 ára kosningarréttar.

Í núgildandi stjórnarskipunarlögum er kveðið á um að kosningarréttaraldur skuli miðaður við þá sem eru íslenskir ríkisborgarar og eru 20 ára eða eldri þegar kosning fer fram. Þetta frumvarp inniheldur þá breytingu að viðmiðunin verði ekki fæðingardagur heldur áramót fyrir þá sem verða 18 ára á því ári sem kosningar fara fram. Þetta þýðir að þeir sem verða 18 ára á kosningarári fá kosningarrétt, ef

frumvarp þetta verður að lögum. Þessi viðmiðun er þegar orðin nokkuð algeng í þjóðfélaginu þar sem lög hindra ekki. Geta má þess, að skólakerfið byggir á áramótaviðmiðuninni við flokkun nemenda í árganga. Telja verður eðlilegt að sú leið verði farin að miða kosningarréttinn við áramót fyrir þá sem verða 18 ára á kosningaári.